

Mál nr. 138/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. apríl 2025, ásamt lögregluskýrslu.
2. Bréf V, dags. 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur á Þjóðvegi 1 við Krossá hinn 20. febrúar 2025. Á vettvangi er einbreið brú yfir Krossá. Blindhæð er á veginum við brúna og hámarkshraði við brúna er tekinn niður í 50 km/klst en beggja vegna við þann kafla er 70 km/klst kafla. Þar fyrir utan er hámarkshraði 90 km/klst. Á kaflanum þar sem árekstur varð er hámarkshraði 70 km/klst. Báðar bifreiðar eru vátryggðar hjá V. Bifreiðinni A, sem er í eigu M, var ekið af bifreiðastæði sem er norðan við Þjóðveginn, skammt austan við Krossá. Kvaðst M hafa litið til vinstri og ekki séð neina bifreið og því ekið rólega inn á Þjóðveginn. Þegar hann hafi verið kominn inn á Þjóðveginn, því næst með akstursstefnu til austurs, kom skyndilega högg á bifreiðina. Taldi M sig nokkuð vissan um að hafa ekki farið yfir miðlínu vegarins þegar hann ók inn á hann. Ökumaður B kvaðst hafa verið að aka Þjóðveg 1 í norður þegar bifreiðinni A var ekið óvænt inn á Þjóðveginn í veg fyrir hann. Sagði hann A hafa verið komna yfir miðlínuna, líkt og ökumaður hafi ætlað að þvera veginn. Hafi hann þess vegna gert tilraun til þess að aka framúr B en það hafi mistekist og árekstur varð. Samkvæmt skýrslu lögreglu var ekki hægt að sjá ummerki á vettvangi um hvar áreksturinn hafi orðið nákvæmlega.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök var lögð á ökumann A fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð um Þjóðveg 1 áður en hann ók af stað frá bifreiðastæði.

M, sem var ökumaður A, er ósáttur við þessa sakarskiptingu og vísar til þess að ökumaður B hafi ekið á 70 km/klst sem sé 20 km/klst yfir hámarkshraða á vettvangi. Í lögregluskýrslu komi fram að hámarkshraði sé 70 km/klst sem sé ekki rétt enda sé mynd í skýrslunni sem sýni 50 km/klst áður en komið er að slysstað. M telur að B hafi verið ekið yfir hámarkshraða á vettvangi. Hann hafi ekki náð að stöðva eftir áreksturinn fyrir en um 150 metrum frá slysstað. M hafnar því að hafa farið yfir miðlínu vegar þegar hann ók inn á Þjóðveginn.

V telur áreksturinn rakinn til þess að M ók bifreið sinni inn á Þjóðveg 1 í veg fyrir B.

Álit.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjon hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Fyrir liggur að M ók bifreið sinni af bifreiðastæði inn á Þjóðveginn en honum bar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga að sýna aðgæslu og veita umferð um Þjóðveg 1 forgang. Án frekari gagna, svo sem vitnisframburða eða sérstaks hraðaútreiknings, er ekki hægt að byggja á því að ökumaður B hafi ekið of hratt á vettvangi eða að hámarkshraði þar sem árekstur varð hafi verið annar en fram kemur í lögregluskýrslu. Verður ökumaður A því að bera hallan af sönnunarskorti um of hraðan akstur ökumanns B eða að háttsemi hans hafi brotið í bága við ákvæði umferðarlaga eða fyrirmæli um hraða á vettvangi. Ber ökumaður A alla sök fyrir að hafa ekið inn á Þjóðveg 1 í veg fyrir bifreiðina B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir